

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Skagafirði.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi – Faxatorg, Flæðar á Sauðárkróki.

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti á 47. fundi sínum 25. mars 2026 óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir Faxatorg, Flæðar á Sauðárkróki.

Norðausturhorn byggingarreits Faxatorgs, sagnahúss og menningarhúss, stækkar um 0,8 m² eða u.þ.b. 76 cm. Einnig er byggingarreitur á þegar byggðu Safnahúsi stækkaður að uppfærðri útlínu eða um 1 m², alls stækkun á byggingarreit úr 3.340 m² í 3.346 m² eða um 6 m².

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag – Borgarflöt 35-39, Sauðárkróki.

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti á 46. fundi sínum 25. febrúar 2026 nýtt deiliskipulag fyrir Borgarflöt 35-39.

Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining á fyrirhugaðri uppbyggingu innan skipulagssvæðisins. Síndar eru fjórar nýjar lóðir, aðkoma inn á lóðir, byggingarreitir, bílastæði og helstu skilmálar.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Skagafirði, 7. apríl 2026.

Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 10. apríl 2026